

257. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 29. NÓVEMBER 2016 KL 9:30

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing 2016. forseti kirkjuþings og formenn fastanefnda eru boðaðir til fundarins kl 10. Farið verður yfir mál sem kirkjuþing vísaði til kirkjuráðs eða sem kirkjuráð telur að efni sé til að taka á dagskrá sína.
3. Fjármál
 - a. Fundargerðir fjármálahóps.
 - b. Starfsmaður kirkjuþings.
 - c. Erindi Skeggjastaðasóknar varðandi tafir á verki og flutning fjárheimildar milli ára.
 - d. Endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar vegna ársreiknings Jöfnunarsjóðs sókna fyrir árið 2015.
4. Fasteignir
 - a. Stefnumörkun vígslubiskups og stjórnar vegna vinnu við deiliskipulag fyrir Skálholtsstað og Skálholtsjörðina.
 - b. Erindi ábúenda Í Hraungerði.
 - c. Tilboð í gamla prestbústaðinn á Eiðum.
 - d. Breiðabólstaður – Uppsali, erindi frá sveitarstjóra Rangárþings eystra varðandi þátttöku í kostnaði við girðingar.
 - e. Viðhald vegna afréttargirðingar Tungufells í Hrunamannahreppi, erindi Eiríks Gunnsteinssonar hrl.
 - f. Hjarðarhagi 30, áframhaldandi leiga húsnæðis.
 - g. Hallveigartröð 4, Reykholti, forkaupsréttur Kirkjumálasjóðs.
 - h. Saurbær, tjón, úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur.
 - i. Skráningarmál eigna, orðsendingar frá fjármálaráðuneyti.
 - j. Málefni Staðastaðar.
 - k. Klausturvegur 7, Kirkjubæjarklaustri, ósk um kaup á lóð.
5. Skil ríkissjóðs á innheimtufé vegna innheimtu sóknargjalda.
6. Hinn almenni kirkjusjóður. Tillögur um breytt hlutverk.
7. Vígslubiskupskjör í Skálholti.
8. Úrskurður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2016.
9. Úrskurður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 2/2016.
10. Starfsmannamál vígslubiskupsembættis að Hólum.
11. Erindi Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

12. Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum.
13. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra.
14. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Jónasson varamaður séra Gísla Gunnarssonar í forföllum hans, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

Þá sátu fundinn undir 2. dagskrárlið Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings og kirkjuþingsmennirnir Steindór R. Haraldsson formaður löggjafarnefndar kirkjuþings, sr. Gísli Jónasson formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings og Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir formaður allsherjanefndar kirkjuþings.

2. KIRKJUÞING 2016

Kirkjuþing 2016. Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings og formenn fastanefnda þingsins voru boðaðir til fundarins. Farið var yfir þau mál kirkjuþings sem vísað var til kirkjuráðs eða sem kirkjuráð telur að efni sé til að taka á dagskrá sína.

a. Mál sem fara til kirkjuráðs til afgreiðslu.

1. **1. mál, skýrsla kirkjuráðs.** Kirkjuþing 2016 ályktar mikilvægi þess að bæta skuli stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar og áréttar ályktun Kirkjuþings 2015 sama efnis.

Ályktunin rædd og fundurinn tekur undir hana. Fram kom að unnið er að því að bæta stöðuna að þessu leyti.

2. **7. mál, tillaga til þingsályktunar um sóknasamband.** Kirkjuþing ályktar að hafinn verði undirbúningur að stofnun sambands sókna og vísar málinu til kirkjuráðs.

3. **8. mál, þingsályktun um átak til aukins samstarfs sókna.** Kirkjuþing 2016 beinir því til biskups Íslands, biskupafundar og kirkjuráðs að á næstu árum verði unnið að sérstöku átaki til að hvetja sóknir þjóðkirkjunnar til að huga að auknu samstarfi og jafnvel sameiningum þar sem það þykir henta og þá jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Jafnframt er því beint til kirkjuráðs að Jöfnunarsjóður sókna styðji þetta átak með því að úthluta styrkjum til þeirra sókna sem vilja sameinast skv. sérstökum reglum sem settar yrðu þar um.

7. og 8. mál rædd saman. Lagt var til að skipaður yrði þriggja manna starfshópur til að vinna málinu framgang og málið tekið á dagskrá desemberfundar kirkjuráðs.

4. **12. og 13. mál, starfsreglur um kirkjuráð.** Breyttar starfsreglur taka gildi hinn 1. janúar 2017.

Lagt er til að Kirkjuráð álykti að það feli framkvæmdastjóra að hefja þegar í stað undirbúning að innleiðingu þeirra með hönnun breyttra verklagsreglna á skrifstofu ráðsins til að tryggja hnökralausa framkvæmd þeirra frá fyrsta degi. Jafnframt

verði honum falið að annast um að hinar breyttu starfsreglur verði birtar í Stjórnartíðindum.

5. **16. mál, þingsályktun um ráðningu starfsmanns kirkjuþings.** Kirkjuþing samþykkti að forsætisnefnd þingsins fái heimild til að ráða löglærðan starfsmann kirkjuþings í hlutastarf í tvö ár frá og með næstu áramótum. Starfsmaðurinn verði óháður öðrum kirkjulegum stofnunum í störfum sínum.
Lagt er til að kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að hefja þegar í stað undirbúning að ráðningunni í samráði við forseta kirkjuþings.
6. **17. mál, þingsályktun um skírnarfræðslu.**
Lagt er til að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að taka skipan nefndarinnar á dagskrá næsta fundar í fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir næsta ár.
7. **18. mál, þingsályktun um líknarsjóði sókna.**
Lagt er til að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að vinna að framgangi málsins í samræmi við ályktun kirkjuþings.
8. **19. mál, þingsályktun um útgáfu sálmabókar þjóðkirkjunnar árið 2017.**
Lagt er til að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að taka málið á dagskrá næsta fundar í fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir næsta ár.
9. **22. mál, breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.**
Lagt er til að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að annast um að hinar breyttu starfsreglur verði auglýstar í Stjórnartíðindum og kynntar öllum hlutaðeigandi aðilum.
10. **23. mál, þingsályktun um skýrslu um stefnumótun þjóðkirkjunnar.** Ályktunin kvað á um að kirkjuráð hafi málið til ákvörðunar um það hvort sviðsmyndir verði nýttar við vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar.
Lagt er til að kirkjuráð kalli til sín sérfræðinga á sviði sviðsmyndagerða og kynni sér þá hugmyndafræði sem liggur þar að baki til að undirbyggja ákvörðun ráðsins um hvort farin verður þessi leið í stefnumótun þjóðkirkjunnar.
11. **Tímasetning framhaldsþings.**
Fram kom tillaga um að framhaldsþing verði haldið laugardaginn 25. febrúar 2017. Samþykkt.
12. **Nefnd um kirkjuþingskosningar.**
Lögð var fram kostnaðaráætlun vegna starfs nefndarinnar. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að kostnaður við stafið verði kr. 300.000
Kirkjuráð ályktar að vísa málinu til næsta fundar og gerðar fjárhagsáætlunar næsta árs.
13. **Kynning á frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga.**
Lögð var fram kostnaðaráætlun vegna kynningarinnar. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að kostnaður við starfið verði allt að kr. 3.800.000.
Kirkjuráð ályktar að vísa málinu til næsta fundar og gerðar fjárhagsáætlunar næsta árs.

3. FJÁRMÁL

1. *Fundargerðir fjármálahóps.*
2. *Fundargerðirnar voru lagðar fram, kynntar og samþykktar.*
 - a. *Erindi Skeggjastaðasóknar varðandi tafir á verki og flutning fjárheimildar milli ára.*
Samþykkt.
 - b. *Endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar vegna ársreiknings Jöfnunarsjóðs sókna.*
Endurskoðunarbréfið lagt fram og kynnt.

4. FASTEIGNIR

- a. *Stefnumörkun vígslubiskups og stjórnar vegna vinnu við deiliskipulag fyrir Skálholtsstað og Skálholtsjörðina.*
Skjöldin lögð fram og kynnt. Lagt var til að gerð verði áætlun í tengslum við uppbyggingu Skálholtsstaðar sem ferðamannastaðar þar sem fram kæmu markmið um fjölda ferðamanna, þær tekjur sem hafa mætti af slíkri starfsemi og þær endurbætur sem gera þarf til að þeim markmiðum yrði náð. Kirkjuráð samþykkir að deiliskipulagsvinnu verði fram haldið. Kirkjuráð samþykkir að unnar verði tillögur að breyttri nýtingu á húsakosti staðarins skv. tillögum þar um.
- b. *Erindi ábúenda í Hraungerði.*
Erindið lagt fram og kynnt. Erindinu vísað til áframhaldandi vinnslu í kirkjustarfshópi.
- c. *Tilboð í gamla prestbústaðinn á Eiðum.*
Tilboðið lagt fram og kynnt. Erindinu vísað til áframhaldandi vinnslu í kirkjustarfshópi.
- d. *Breiðabólstaður – Uppsafir, erindi frá sveitarstjóra Rangárþings.*
Erindið lagt fram og kynnt. Erindinu vísað til áframhaldandi vinnslu í kirkjustarfshópi.
- e. *Viðhald vegna afréttargirðingar Tungufells í Hrunamannahreppi.*
Lagt er til að Ólafi Björnssyni hrl. verði falið að svara erindinu og leitast við að ná samningum. Samþykkt.
- f. *Hjarðarhagi 30, áframhaldandi leiga húsnæðis.*
Framkvæmdastjóra falið að vinna að framgangi málsins.
- g. *Hallveigartröð 4, Reykholti, forkaupsréttur Kirkjumálasjóðs.*
Eignin er í sölumeðferð en Kirkjumálasjóður á forkaupsrétt á henni skv. lóðaleigusamningi. Samþykkt að fallið verði frá forkaupsréttinum.
- h. *Saurbær, tjón, úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur.*
Gestur Jónsson hrl. fer með málið fyrir Kirkjumálasjóð. Hann hefur upplýst að sér hafi verið tjáð að VÍS muni ekki ganga til uppgjors á tjóninu á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms. Því sé óhjákvæmilegt að lögð verði fram matsbeiðni þar sem óskað er mats á kostnaðinum við að bæta úr tjóninu. Í framhaldi af því verði málið höfðað að nýju.
- i. *Skráningarmál eigna, orðsendingar frá fjármálaráðuneyti.*
Málið kynnt, framkvæmdastjóra falið að vinna að framgangi þess.

j. Málefni Staðastaðar.

Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra í samráði við lögfræðisvið Biskupsstofu að leita samninga í málinu.

k. Klausturvegur 7, Kirkjubæjarklaustri, ósk um kaup á lóð.

Erindið lagt fram og kynnt. Kirkjuráð vísar málinu til áframhaldandi vinnslu í kirkjustarfshópi.

5. SKIL RÍKISSJÓÐS Á INNHEIMTUFÉ VEGNA INNHEIMTU SÓKNARGJALDA

Kirkjuráð samþykkir svohljóðandi ályktun og felur framkvæmdastjóra að koma henni á framfæri við stjórnvöld ásamt greinargerð.

Kirkjuráð vísar til skýrslu innanríkisráðherra frá maí 2014 um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar sbr. einnig minnisblað sem innanríkisráðherra lagði fram á fundi ríkisstjórnar hinn 5. september sama ár og leggur til að ákvæði gildandi laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. komi að fullu til framkvæmda á ný frá og með næsta ári.

6. HINN ALMENNI KIRKJUSJÓÐUR. TILLÖGUR UM BREYTT HLUTVERK

Málið var til umfjöllunar á 243. fundi og þar var bókað að fela framkvæmdastjóra að skoða lög um hinn almenna kirkjusjóð með það fyrir augum að finna sjóðnum ný verkefni. Á 248. fundi er málið aftur til umfjöllunar og þá er bókað að komið hafi fram tillaga um að breyta hlutverki sjóðsins í lista- og menningarsjóð þjóðkirkjunnar með breytingu á lögum sem eru frá árinu 1890. Samþykkt að ekki verði hreyft við sjóðnum að sinni í ljósi.

7. VÍGSLUBISKUPSKJÖR Í SKÁLHOLTI

Málið reifað og rætt. Samkvæmt starfsreglum um kjör biskups og vígslubiskupa ákveður kirkjuráð kjördag í vígslubiskupskjöri. Kirkjuráð felur forseta að undirbúa ákvörðun ráðsins um kjördag og leggja fyrir næsta fund.

8. ÚRSKURÐUR ÚRSKURÐARNEFNDAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR Í MÁLI NR. 1/2016

Úrskurðurinn lagður fram og ræddur. Úrskurðurinn gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs. Ekki er kunnugt um að honum hafi skotið til áfrýjunarnefndar skv. 13. laga nr. 78/1997 en frestur til þess er liðinn. Úrskurðurinn er því endanlegur. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að annast um að nafnhreinsað eintak hans verði birt á vef kirkjunnar komi fram óskir um það frá málsaðilum.

9. ÚRSKURÐUR ÚRSKURÐARNEFNDAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR Í MÁLI NR. 2/2016

Úrskurðurinn lagður fram og ræddur. Ekki er kunnugt um að honum hafi skotið honum til áfrýjunarnefndar skv. 13. laga nr. 78/1997 en frestur til þess er liðinn. Úrskurðurinn er því endanlegur. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að annast um að nafnhreinsað eintak hans verði birt á vef kirkjunnar komi fram óskir um það frá málsaðilum. Kirkjuráði þykir í tilefni úrskurðarins rétt að hugað verði að breytingum á reglum um Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

10. STARFSMANNAMÁL VÍGSLUBISKUPSEMBÆTTIS AÐ HÓLUM

Erindi vígslubiskupsins á Hólum lagt fram og rætt. Kirkjuráð ákveður að teknar verði upp viðræður við vígslubiskupinn um stöðu starfsmanns við embættið á þeim grundvelli að um sé að ræða ritarastarf og starfshlutfallið taki í raun mið af því.

11. ERINDI ÚRSKURÐARNEFNDAR UM UPPLÝSINGAMÁL

Erindið varðar kæru sem nefndinni barst þar sem kærð er synjun um aðgang að gögnum. Drög að svarbréfi lögð fyrir fund kirkjuráðs en framkvæmdastjóri mun svara úrskurðarnefndinni að höfðu samráði við Gest Jónsson hrl.

12. DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM BREYTINGU Á UMFERÐARLÖGUM

Nauðsynlegt þykir að tryggja að Þjóðkirkjan og stofnanir hennar geti fengið sambærilega heimild vegna jarða sinna og þarna er veitt. Ekki hvað síst þarf að hafa Skálholt í huga en nefna má fleiri jarðir þar sem eru söfn/sögustaðir/ásókn ferðamanna.

Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að vinna að framgangi málsins.

13. RÁÐNINGARSAMNINGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Á 253. fundi kirkjuráðs var ákveðið að ráða Odd Einarsson tímabundið til að sinna starfsskyldum framkvæmdastjóra og var forseta kirkjuráðs falið að ganga frá þeirri ráðningu. Gerður var tímabundinn ráðningarsamningur til þriggja mánaða sem gert var ráð fyrir að þá skyldi endurnýjaður með ótímabundnum samningi en ella skyldi ráðningarsambandið slitna. Kirkjuráð ályktar að endurnýja ráðningarsamninginn og jafnframt að gera fyrir starfslýsingu fyrir framkvæmdastjórann.

14. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:40

Næsti fundur er áætlaður 13. desember 2016

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Jónasson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.